



Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

Vinnulag: Innlagirnir, umræður, einstaklings- og hópverkefni, myndsköpun og lestur. Lögð er áhersla á skapandi kennsluaðferðir og sjálfstæða vinnu nemenda.

Í lífsleikni verður námsefnið tengt við daglegt líf, þar sem m.a. verður komið inn á ýmsa þætti siðfræðinnar. Unnið verður út frá gildum Uppbyggingarstefnunnar.

Námsmat: Verkefnavinna- og hópavinna metin jafnt og þétt yfir veturinn. Frágangur og þátttaka í tímum, vinnubækur metnar.

Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

Kennarar: Berglind Waage og Hjördís Guðmundsdóttir

Tímaáætlun: 3 kennslustundir í viku

A A

B+ B+

B B

C+ C+

C C

D D

Samfélagsgreinar 1. – 10. bekkur

Grunnþættir menntunar	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• veit að heilbrigður lífstíll hefur áhrif á velferð og jákvæða sjálfsmynd, • getur unnið út frá eigin áhugasviði og styrkleikum í því skyni að auka sjálfstraust og þekkja tilfinningar sínar, • tekur þátt í að miðla málum og setur sig í spor annarra, • hefur skilning á eigin tilfinningum og annarra, • eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmynda, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun, • skilur þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan.
Jafnrétti	• hefur jafnrétti að leiðarljósi og veit að jafnrétti er margþætt hugtak,

Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

	- temur sér gagnrýna hugsun, - gerir sér grein fyrir að allir þjóðfélagsþegnar eiga að vera jafnir fyrir lögum, - áttar sig á og virðir mismunandi þjóðfélagshópa.
Lýðræði og mannréttindi	- kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, - tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð, - virðir mismunandi skoðanir, - þekkir réttindi sín, skyldur og ábyrgð, - veit að í lýðræðisríki eiga allir að búa við mannréttindi, - hefur tamið sér jákvætt viðhorf og siðferði sem eru mikilvægir þættir í lýðræðisríki, - ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
Læsi	- er læs á umhverfi sitt, - er læs á öllum sviðum nútímalæsis, notar t.d. upplýsingalæsi, stafrænt læsi, samskiptalæsi og tilfinningalæsi, - er virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn, - bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, - þekkir til umræðu hefðar og orðanotkunar tungumálsins, - getur lesið sér til gagns og gleði, - tjáir sig um viðfangsefni sín og notar hugtök sem tengjast því, - er læs á menningu og menningarverðmæti.
Sjálfbærni	- getur tekist á við fjölbreytt álitamál og ágreiningsefni, - áttar sig á samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í samfélagi sínu, - sýnir frumkvæði, sjálfstæði og tekur virkan þátt í viðfangsefnum, - öðlist aukna umhverfisvitund og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs, - gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa, - sýnir áhuga og vilja til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu, - beitir gagnrýnni hugsun og setur sig í spor annarra, - tekur ábyrgð á eigin gjörðum og hegðun, - tekur þátt í að skapa samábyrgt samfélag.
Sköpun	- virkjar hugmyndaflugið og nýtir það í að finna nýstárlegar lausnir, - nýtir tæknina á skapandi hátt,

Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

	• nýtir hæfileika sína til að skapa afurð, • tileinkar sér gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika, • hefur færni í leikrænni túlkun, tjáningu og framsögn.
--	---

Samfélagsgreinar við lok 6. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið
Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann. • Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf, • Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni, • Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi, • Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti, • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs, • Gert greint fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,	• Snorra saga • Hindúatrú Guð í mörgum myndum • Gyðingdómur sáttmáli þjóðar • Norðurlöndin	• umræðu- og spurnaraðferðir • einstaklings-, para- og hópavinna • vettvangsferðir • upplýsingaöflun og meðferð heimilda • myndefni, t.d. ljósmyndir og fræðslumyndir • bekkjarfundir	Nemandi: • áttar sig á umhverfinu sem hann býr í • kunni skil á helstu hugtökum sem tengjast menningu og samfélaginu • geti lýst hvaða áhrif tækni hefur á samfélagið • geti lýst því hvernig samfélagið hefur þróast • geti sagt frá helstu hefðum sem tengjast trúarbrögðum

Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

• Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta, • Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu. • Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi. • Fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta. • Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra • Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög. • Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. • Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar. • Borið saman valin trúar- og lífsviðhorf			og átti sig á að trú manna er mismunandi • átti sig á góðum gildum og hvað góðvild gerir fyrir samfélagið • átti sig á afleiðingum gjörða sinna og getur bent á leiðir til að bæta sig • átti sig á að fjölskyldur eru fjölbreyttar og að allir hafa mismunandi hlutverk • átti sig á gildi þess að endurnýta/vinna og hvaða áhrif það hefur á umhverfið • áttuð sig á að ekki er
---	--	--	--

Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

•Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. •Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga			byggilegt alls staðar • geti notað kort til að leita sér upplýsinga
Hugarheimur Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. •vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt, sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. •Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. •Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti. •Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. •Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun •metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra, •sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.		• einstaklings-, para- og hópavinna • verkefni sem reyna á siðferðileg gildi og umræður • umræðu- og spurnaraðferðir • myndefni, t.d. ljósmyndir og fræðslumyndir	Nemandi: • geri sér grein fyrir styrk- og veikleikum sínum og átti sig á hvað góðar fyrirmyndir eru • geti sett sér markmið • átti sig á gildi þess að borða hollt og hreyfa sig • átti sig á að við erum ekki öll eins og taka þarf tillit til allra

Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur

Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. •Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. •Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. •Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda. •Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. •Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum •Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra •Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. •Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. •tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra, •tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.		• einstaklings-, para- og hópavinna • umræðu- og spurnaraðferðir • upplýsingavinna í gegnum mismunandi miðla eins og veraldarvefinn og fjölmiðla • bekkjarfundir • myndefni, t.d. ljósmyndir og fræðslumyndir	Nemandi: • geti átt samtal og rætt um ólíkt efni við félag og sýnt sanngirni • geti verið tillitssamur og sýnt öðru fólki kærleik • geti tekið þátt í að semja bekkjarreglur • geti sagt frá eigin efni og efni sem er til umræðu í samfélaginu
---	--	---	---



Samfélagsgreinar og lífsleikni 6. árgangur